

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 30. október 2023
UST202309-171/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Kapelluhraun - Hafnafjarðarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Kapelluhraun í Hafnarfirði.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni deiliskipulags iðnaðarsvæðisins í Kapelluhrauni er að sníða ramma utan um iðnaðarhverfi í samræmi við breyttar áherslur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Upphaf deiliskipulagsverkefnisins má rekja til samstarfs Álversins í Straumsvík (ÍSAL), sem er lóðarhafi um 52 ha. stórrar lóðar í Kapelluhrauni (L197313, skráð stærð 52 ha.) og Carbfix ohf. um að koma fyrir Coda Terminal, móttöku og- förgunarstöð fyrir koldíoxíð (CO_2). Coda Terminal er áformuð móttöku og- förgunarstöð fyrir koldíoxíð (CO_2) en förgunin felst í niðurdælingu og bindingu koldíoxíðs eða CO_2 í bergi.

Í fullbyggðri stöð er áætlað að farga allt að þremur milljónum tonna af CO_2 árlega en deiliskipulagið tekur til 1. áfanga verkefnisins og hluta af 2. áfanga

Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins eru að skilgreina lóðir fyrir núverandi mannvirkri ÍSAL, heimildir fyrir borteiga / niðurdælingarsvæði með tilheyrandi vatnstöku, iðnaðarlóðir fyrir almenna iðnaðarstarfsemi og umhverfisvæna nýsköpunarstarfsemi, setja kvaðir um lagnaleiðir innan skipulagssvæðisins út úr því, að skilgreina vegtengingar til og frá Reykjanesbraut og að iðnaðarhverfi sunnan skipulagssvæðisins, að fjalla um landmótun og gróðurumgjörð iðnaðarlóða og tryggja umferðaröryggi allra vegfarenda; akandi, hjólandi og gangandi.

Loftlagsmál

Í greinargerð segir að niðurdæling CO_2 styður við aðgerð H1 í aðgerðaráætlun íslenska ríkisins í loftslagsmálum. Aðgerðin feli í sér að kanna hvort stóriðjufyrirtæki á Íslandi geti markvisst fangað CO_2 frá starfsemi sinni. Með Coda stöðinni verða til innviðir til niðurdælingar aðflutts CO_2 frá Evrópu. Þessir innviðir gætu nýst innlendum stóriðjufyrirtækjum þegar og ef föngun á CO_2 hefst. Umhverfisstofnun bendir á að aðgerð H1 varðar fyrirtæki sem falla undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins um losunarheimildir (ETS-kerfið). Stofnunin telur að það þurfi að koma skýrt fram hvort fyrirhugað sé að dæla CO_2 frá t.d. Norðurál á Grundartanga og þá hvort fyrirhugað sé að flytja það með leiðslum

eða með skipi. Þá mætti vera skýrara hvort fyrirhugað sé að kanna hvort stóriðjufyrirtæki á Íslandi sem falla utan ETS-kerfisins gætu jafnframt fargað CO₂ á svæðinu.

Loftgæði

Umhverfisstofnun leggur til að fjallað sé um loftgæði í sér kafla, en ekki með loftslagi.

Umhverfisstofnun bendir á að halda skuli loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengduðu lofti, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 920/2016 og reglugerðar nr. 787/1998. Með tilliti til nálægðar við byggð bendir Umhverfisstofnun á að skoða þurfi nánar áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði og hvort framkvæmdin gæti haft áhrif á umhverfis- og heilsuverndarmörk.

Stjórn vatnamála

Þar sem ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni vill Umhverfisstofnun koma eftirfarandi á framfæri.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmið 4.2. svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins segir einnig að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eiga að vera höfð til grundvallar í skipulagsáætlun sveitarfélaga, en deiliskipulag eiga að taka tillit til þessa markmiðs við mat á umhverfisáhrifum.

Í mati á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins þarf að koma fram hvaða vatnshlot eru innan svæðisins og hver umhverfismarkmið þeirra vatnshlota sé samkvæmt vatnaáætlun og vefsjá stjórnar vatnamála. Einnig skal matið innihalda greiningu, lýsingu og mat á áhrifum sem deiliskipulagið gæti haft í för með sér á umhverfismarkmið vatnshlotanna. Tillit skal taka til beinna og óbeinna áhrifa framkvæmdar og notkunar svæðisins, bæði til skemmri og lengri tíma, ásamt samlegðaráhrifum allrar landnotkunar innan vatnshlotsins.

Fyrirhugað iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni er innan grunnvatnshlotsins Straumsvíkurstraums, vatnshlotanúmer 104-265-G. Frekari upplýsingar um vatnshlotið og markmið þess eru aðgengilegar í [Vatnavefsíja](#). Engin yfirborðsvatnshlot eru á svæðinu. **Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.** Ástand vatnshlotanna má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið.

Við ferlið er þörf fyrir mikils magns af vatni, en í kafla 4. kemur fram að óvissa sé um áhrif deiliskipulagsins á grunnvatn, aðallega vegna óvissu um áhrif frá mögulegri starfsemi Coda Terminal. Áhrif annarrar starfsemi, bæði léttur og þyngri iðnaður er talin vera óveruleg. Það er álit Umhverfisstofnunar að ekki sé hægt að útiloka að þessi iðnaður geti haft verulegt neikvæð áhrif á ástand grunnvatns, til dæmis vegna mengunar eða grunnvatnstöku.

Umhverfisstofnun telur það hins vegar erfitt að meta heildaráhrif deiliskipulagsins á grunnvatn þegar upplýsingar vanta um möguleg áhrif þess og fyrirhugaðrar starfsemi á gæðabætti sem notaðir eru til að meta magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota samkvæmt lögum nr 36/2011 um stjórn vatnamála.

Ef fram kemur að umhverfismarkmið í vatnaáætlun náist ekki fyrir vatnshlot innan áhrifasvæðis iðnaðarsvæðisins skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand þeirra. Viðkomandi aðili skal þá endurskoða skipulagsáætlunina í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð. Mikilvægt er þess vegna að öll forvinna og grunnrannsóknir séu vel af hendi gerðar áður en farið er af stað í framkvæmdir og áhrif deiliskipulagsins á vatnshlot metin.

Af ofangreindum aðstæðum leggur Umhverfisstofnun til að umhverfismat deiliskipulagsins verði endurskoðað í því skyni að niðurstöðurnar verði settar í samhengi markmiða laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að hraunið á svæðinu falli undir sérstaka vernd 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hluta hraunsins hefur þegar verið raskað á báðum svæðunum, en að mati Umhverfisstofnunnar er á stórum hluta lóðanna 5,7 og 9 óraskað hraun með hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að hluta hraunsins á svæðunum hafi þegar verið raskað, og þótt búið sé að skilgreina svæðið sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi og þrátt fyrir að hraun frá nútíma þekji mestan hluta gosbeltis Íslands og stærstan hluta Reykjaness réttlætir það ekki frekari röskun á hrauni, heldur þarf að líta til ákvæða og málsmeðferðar 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á hrauni sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í greinargerð segir að óhjákvæmilega munu framkvæmdir sem byggja á deiliskipulaginu raska nútímahrauni. Umhverfisstofnun bendir á þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á nútímahrauni þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Áhrifasvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áhrifasvæði skipulagsins sé vel skilgreint í tillögunni, þá einnig í jarðlögum svæðisins.

Starfsleyfi og framkvæmdaleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi að fyrirhuguð starfsemi Coda Terminal er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun.

Jafnframt vill stofnunin benda á mikilvægi þess að hugað sé vel að mengunarvörnum vegna boranna á niðurdælingarholum innan skipulagssvæðisins. Borun og niðurdæling er heimil samkv. deiliskipulagi þessu innan allra lóða svæðisins, og eins og lýsingin ber með sér, margar ýmist vatnstöku- eða niðurdælingarholur innan hvers borreits. Af því leiðir að gæta skal fyllsta öryggis og tryggja að öll sú framkvæmd fari fram á sem hreinlegastan máta, m.a. til þess að koma í veg fyrir mengun grunnvatns við borannir vegna þeirrar starfsemi sem heimiluð verður á skipulagssvæðinu.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að hluti deiliskipulagssvæðisins vestan Blýhellu er innan svæðis nr. 112 á náttúruminjaskrá, Straumsvík Hafnarfirði. Svæðið er á náttúruminjaskrá vegna fjara og strandar, og tjarna með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, sem eru tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum og allmiklu fuglalífi.

Umhverfisstofnun bendir á að skoða þarf afmörkun svæðisins á uppdrætti miðað við kortasjá Náttúrufræðisstofnunar Íslands ¹.

Í greinargerð kemur fram að áhrif á svæði á náttúruminjaskrá eru metin óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem verið er að meta áhrif á grunnvatn í umhverfismati framkvæmda fyrir verkefnið þá telur stofnunin að áhrif á tjarnirnar og lífríkið vegna mögulegra niðurdráttar vegna vatnstöku, vera óviss.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/>